



Til bæjarráðs

Kópavogi, 20.maí 2025
25051385/ SPS

Efni: Mælaborð mannauðs

Uppbygging mælaborðs mannauðs hefur átt sér stað sl. ár. Markmið mælaborðsins er að setja fram lykilmælikvarða mannauðs sem styðja við gagnadrifnar ákvarðanir í mannauðsmálum. Mælaborð mannauðs er hluti af heildstæðu mælaborði stjórnenda þar sem einnig verða birtir fjárhagslegir mælikvarðar. Haldið verður áfram að þróa mælaborð stjórnenda í samvinnu skrifstofu mannauðs- og kjaramála og skrifstofu áhættu- og fjárstýringar, ásamt öðrum hagsmunaaðilum. Markmið er að samræma og bæta aðgengi að lykilmælikvörðum, auka gagnsæi og tryggja reglulega og áreiðanlega upplýsingagjöf til stjórnenda og til kjörinna fulltrúa.

Raungögn eins og þau sem birt eru í mælaborði mannauðs veita möguleika á að greina þróun, gera samanburð og fylgjast með breytingum yfir tíma. Slíkur gagnagrunnur eykur gæði ákvarðanatöku og gerir stjórnendum kleift að bregðast markvisst við.

Aðgengi bæjarfulltrúa:

Í fyrstu útgáfu mælaborðs sem bæjarfulltrúar hafa aðgang er lögð áhersla á grunnmælikvarða:

- Stöðugildi, fjölda starfsfólks og kynjahlutfall.
- Heildarlaunakostnað sem eru mánaðarlaun (grunnlaun + persónuálag), föst yfirvinna og launatengd gjöld. Breytileg yfirvinna er ekki birt sem hluti af heildarlaunakostnaði. Sá kostnaður var ekki hluti af þeim gögnum sem birt voru í mánaðarskýrslum sem stjórnendur og bæjarfulltrúar hafa haft aðgang að. Skrifstofa mannauðs- og kjaramála vinnur nú að því að koma þessum kostnaði inn í mælaborðið.
- Veikindakostnaður reiknaður sem hlutfall af veikindaprósentu. Einnig kostnað við hvern veikindatíma en þá er fjölda veikindatíma deilt í heildarveikindakostnað.
- Veikindahlutfall þ.e. af heildarvinnuskyldu, hlutfall mismunandi veikindategundar þ.e. skammtímaveikindi vs. langtímaveikindi og fleiri tegundir veikindafjarvista.

Öll gögn miðast við *útborgunarmánuð* hverju sinni fyrir launatímabilið þar á undan. Dæmi; gögn sem birt er fyrir maí miðast við útborguð laun 1. maí, fyrir launatímabilið 11. mars – 10.apríl.

Gögn í mælaborði má sjá sundurliðuð eftir árum aftur til 2023, mánuðum, sviðum og skrifstofum. Um raungögn er að ræða og mælaborðið er því kvikt og lifandi að því marki að breytingar í launakerfi og viðverukerfi hafa áhrif strax á gögnin.



Aðgangur bæjarfulltrúa að mælaborði mannauðs er [hér](#).

Skilgreiningar hugtaka:

- Stöðugildi: Uppreiknast á þeim grunni að eitt stöðugildi er 100% en sem getur verið samsett af nokkrum hlutastörfum sem jafnvel fleiri en einn starfsmaður sinnir.
- Heildarlaunakostnaður: mánaðarlaun (grunnlaun + persónuálag), föst yfirvinna og launatengd gjöld.
- Veikindakostnaður: Er reiknaður sem hlutfall veikinda af heildarlaunum. Fjarvistir starfsfólks sem er skráð í launalaus veikindi eru ekki reiknuð með inn í heildarfjarvistir.

Gagnagrunnur mælaborðs mannauðs:

Gögn í mælaborði mannauðs eins og það er birt núna koma úr launakerfi og viðverukerfinu Vinnustund. Uppbygging mælaborðsins er búið að taka langan tíma þar sem þurft hefur töluvert mikla hreinsun og samkeyrslur til að tryggja heildaryfirsýn og gæði. Mikil vinna hefur því farið í að tengja saman kerfi og tryggja áreiðanleika gagna sem nú er safnað í vöruhús gagna. Áskoranir hafa verið sem tengjast því að samræma starfsheiti, tryggja réttar skráningar í launakerfi og viðverukerfi, t.d. eru skráningar í viðverukerfi, svo sem langtímaveikindi og hlutaveikindi, tiltölulega nýjar og því eru söguleg gögn takmörkuð. Áhersla hefur verið lögð á að greina og leiðrétta villur, samræma skráningar og byggja upp grunn sem byggir á réttum og traustum gögnum. Mikil samvinna hefur átt sér stað milli mannauðsdeildar, nú skrifstofu mannauðs- og kjaramála og UT sérstaklega að uppbyggingu og framsetningu mælaborðsins.

Virðingarfyllst,

Sigríður Prúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri

